

Ágætu læknanemar

Á undanförunum árum hefur all nokkur fjöldi íslenskra nema sem stunda nám í læknisfræði við erlenda háskóla sótt um verknám í barnalækningum við Barnaspítala Hringingsins. Almennt hefur slíkt verknám gengið vel. Umsóknum hefur hins vegar fjölgað mikið og því er mikilvægt að umsóknarferlið sé bæði vel skilgreint og gagnsætt.

Umsóknir og afgreiðsla þeirra:

- Umsóknir um verknám að sumri verða metnar í janúar ár hvert. Þær þurfa að berast fyrir 31. desember.
- Umsóknir um verknám í desember verða metnar í byrjun júní ár hvert. Umsóknir þurfa að berast fyrir 31. maí.
- Umsóknum skal skilað á tölvupósti til Ingibjargar M. Steinpórsdóttur skrifstofustjóra Barnaspítala Hringingsins (tölvupóstur ingibi@landspitali.is).

Sendi þarf útfyllta „Umsókn um verknám“ og þurfa eftirfarandi upplýsingar að koma fram:

- a) Tímabil sem sótt er um (upphafs og lokadagsetningar).
- b) Hve langt viðkomandi er kominn í námi.

Einnig þarf að senda staðfestingu um skólavist

Hlekkur á upplýsingasíðu Landspítala fyrir læknanema erlendis:

<https://www.landspitali.is/fagfolk/menntun/umsoknarferli-fyrir-islenska-nemendur-sem-eru-i-nami-vid-erlenda-haskola/>

Hlekkur á umsókn um verknám:

<https://www.landspitali.is/fagfolk/menntun/umsoknarferli-fyrir-islenska-nemendur-sem-eru-i-nami-vid-erlenda-haskola/>

Hlekkur á heilsufarsupplýsingar sem þarf að skila þegar verknám hefst:

https://www.landspitali.is/library/Sameiginlegar-skrar/Gagnasafn/Visindi-og-menntun/Menntun/Heilsuvernd-upplýsingar-fyrir-nema_februar-2019.pdf

Umsóknir sem berast eftir ofanskráðar dagsetningar verða eingöngu metnar hafi ekki öll pláss fyllst á umsóknartímanum.

Mat umsókna:

Við mat á umsóknum verður tekið tillit til eftirfarandi þátta:

1. Lengd verknáms (tímabils sem sótt er um). Umsóknir um lengri stöður hafa forgang.
2. Staða náms; þeir nema sem lengst eru komnir í námi hafa forgang.
3. Ef umsóknir eru metnar jafnar verður dregið milli þeirra (hlutkesti varpað).

Inntökudagsetningar:

- Lok maí
- Byrjun júlí





- Um miðjan desember

Nákvæmar dagsetningar geta verið breytilegar milli ára og verða þær kynntar formönnum félaga læknanna í við erlenda háskóla (f.o.f. í Ungverjalandi og Slóvakíu).

Nemar geta sótt um að hefja verknám á Barnaspítala Hringins utan ofanskráðra dagsetninga. Þær umsóknar verða þó metnar sérstaklega. Skilyrði fyrir inntöku á slíkum dagsetningum er þó að nemarnir mæti á áður auglýstum inntökudagsetningum að morgni og fái kynningu á verknáminu en hún tekur um 2-3 klukkutíma.

Rétt er að taka fram að kröfur eru gerðar um fulla mætingu og þátttöku í starfi Barnaspítala Hringins. Verknám fer fram á ýmsum mismunandi deildum Barnaspítala Hringins og jafnframt er ætlast til þátttöku í vöktum sem eru utan dagvinnutíma, á kvöldin og um helgar. Vinnuvika á Barnaspítala Hringins er að lágmarki 40 stundir. Ekki er gert ráð fyrir að nemar stundi önnur störf samhliða verknáminu.

Með von um ánægjulegt samstarf og skemmtilega námsframvindu.

Ásgeir Haraldsson, yfirlæknir
prófessor í barnalækningum og
forstöðumaður fræðasviðs, Barnaspítala Hringins
Landspítali
101 Reykjavík



Barnaspítali Hringins
Landspítali, Hringbraut, 101 Reykjavík
Sími 543 1000, fax 543 3021
www.landspitali.is